

**Nr. 18-209 S 145 Þinganes ÁR 25*****Skipverji slasast á fæti***

*Skipaskr.nr.*: 2040  
*IMO*: 8812033  
*Smíðaður*: Portúgal 1991, stál  
*Útgerð*: Skinney-Þinganes hf.  
*Stærð*: 161,6 brl. 262 bt.  
*Mesta lengd*: 25,96 m *Skráð lengd*: 25,14 m  
*Breidd*: 7,9 m *Dýpt*: 6,2 m  
*Vél*: Deutz 735 kW, 1991  
*Fjöldi skipverja*: 10



Þinganes © NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*


***Atvikalýsing:***

Þann 22. október 2018 var Þinganes ÁR 25 á við bryggju í Þorlákshöfn. Veður: S 8 m/s.

Skipverji var á leið niður stiga úr brú þegar honum skrikaði fótur og féll fram fyrir sig niður stigann. Við fallið snerist upp á fótinn.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn kvaðst hafa verið kominn niður í þriðju tröppu í stiganum þegar hann hefði fest fótinn í hálkulista fremst á þrepinu;
- að handrið voru við stigann og góðir hálkulistar á hverju þrepi.



Séð niður stigann

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.